

**Mættir:** Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastjóri Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Halla Björg Björnsdóttir fltr. starfsfólks, Guðrún Yrsa Richter og Hrefna Marín Sigurðardóttir fltr. foreldra.

### **Námsmat**

Kennarar að feta sig áfram í námsmatsvinnu. Sýnist helst að foreldrar sakni upplýsinga sem komu fram í verkefnabókum.

### **Upplýsingamiðlun**

Hvernig getum við miðlað betur upplýsingum um námið í skólanum. Misjafnt eftir árgöngum hvernig það er gert. Vissir þættir sem þurfa að vera inni og þarf að brýna það enn betur fyrir fólki.

Þurfum að huga að því sem þarf að vera í póstum þegar koma Covid tímabil og margir nemendur eru frá skóla.

Mikilvægt að setja líka inn hvaða aðgerða skólinn hefur gripið til svo foreldrar treysti sér til að senda börnin sín í skólann.

Spurning hvort mánaðarlega fréttabréfið frá skólanum ætti líka að fara í vikupóst árganga, þ.e. tengill á það.

### **Samstarf heimila og skóla**

Umræða um vinahópa. Þess virði að skoða það hvort hægt er að kanna hug foreldra til þessa. Bíður þar til Covid hættir að hafa áhrif á skólastarf.

Athugasemd gerð vegna hópaskiptinga í árgöngum, ekki upplýst hvorki fyrirfram né eftirá. Foreldrar vita jafnvel ekki hver umsjónarkennari barna þeirra er. Bent á að netföng árganga myndu bjarga því fyrir foreldra svo póstar fari á réttan stað. Kynna netföng árgangsins fyrir foreldrum svo þeir geti nýtt þau. Hópaskiptingarnar eru hugsaðar sem flæði, litið á hvern árgang sem einn hóp og ekki eigi að skipta höfuðmáli í hvaða hópi nemendur eru eða hjá hvaða kennara.

### **Niðurstöður læsisprófa**

Á svipuðu róli og verið hefur. Flestir árgangar eru yfir eða á pari við landsmeðaltal.

Hefur verið tekið saman hvernig heimalestri er sinnt í ólíkum árgöngum og miða við niðurstöður í lesfimi? Hefur ekki verið gert en er góð hugmynd.

### **Skólanámskrá**

Verkferlar vegna ofbeldis barna gagnvart öðrum börnum kynntir. Skerpt á upplýsingagjöf og skráningu. Verður sett í skólanámskrá. Hefur nú þegar verið kynnt fyrir foreldrum.

## **Önnur mál**

Bent á að læra af því sem vel var gert þegar börn þurfa að vera heima v. Covid. 6. og 3. bekkur nefndir sem fyrirmyndardæmi.

Samræmi í Garðabæ í viðbrögðum v. Covid, vísað til Hofstaðaskóla sem setti árgang á bið á meðan beðið var eftir símtali frá smitakningateymi. Vert að skoða.